


Reglubundið mat á stöðu og þróun bílaumferðar og almenningsamgangna –  
framhaldsrannsókn. Mannvit – desember 2018.

Í fyrri hluta þessa verkefnis (skýrsla frá apríl 2016), var dregin ályktun um að nota mætti fyrirbyggjandi samgöngutengd gögn sem safnað er af Reykjavíkurborg, Vegagerðinni og Strætó bs, til þess að fá nákvæmara mat en áður hvernig vélknúin umferð skiptist milli einkabíla og almenningsamgangna.

Í fyrra verkefninu voru skoðuð tvö snið en í þessu framhaldsverkefni var bætt við sex sniðum, sem skipta höfuðborgarsvæðinu upp á skýran hátt. Gerðar voru sérstakar handvirkar umferðartalningar vegna þessa, í viðbót við sambærilegar árlegar talningu Reykjavíkurborgar. Auk þess er stuðst við gögn úr 10 umferðarteljurum Vegagerðarinnar innan höfuðborgarsvæðisins. Frá árinu 2017 hefur Strætó notað sjálfvirk talingakerfi fyrir inn og útstig, en áður þurfti að gera slíkar talningar handvirk.

Í skýrslunni eru settar fram niðurstöður fyrir hvert og eitt snið, auk samanburður á þeim tveimur sniðum sem metin voru í fyrra verkefninu. Almennt kemur fram að hlutdeild almenningsamgangna eykst eftir því sem sniðin liggja nær eldri hverfum Reykjavíkur, árið 2018 er hún 5,4% í sniði sem liggur meðfram Kringlumýrarbraut og mælir austur-vestur umferð um miðja borgina. Í fyrra verkefni var hlutfallið um og yfir 6,0% í sama sniði. Skýrsluhöfundar telja að þetta bendi til að almenningsamgöngur hafi hlutfallslega meiri áhrif til minnkunar tafa í umferðinni í eldri hverfum, en birtist m.a. í ferðavenjukönnunum. Í öðrum sniðum er hlutfallið frá 2,0 til 3,3% árið 2018 og fyrir snið sem mælir umferð milli eldri hluta Reykjavíkur og Seltjarnarness annars vegar og byggða sunnan Fossvogsdals og austan Elliðaár hefur hlutfallið lækkað miðað við fyrri ár, er 3,3% er var um 4,5%. Niðurstöður talninga sýna einnig að hlutdeild almenningsamgangna á annatímum er töluvert meiri en á öðrum tímum, er 12,1% á morgnanna og 9% síðdegis.



Mynd 14: Yfirlit yfir hlutfall fjölda farþega með almenningsamgöngum af heildarfjölda farþega með vélknúnum ferðamátum í sniðum á höfuðborgarsvæðinu í október 2018.

Hlutfall fjölda farþega með almenningsamgöngum af heildarfjölda farþega með vélknúnum ferðamátum í október 2018

Í skýrslunni er sett fram sú skoðun að gera þurfi greiningar sem þessa til hliðar við ferðavenjukannanir til þess að fá skýra mynd af stöðu og þróun umferðar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig væri áhugavert að kanna hvort hægt væri að bæta við greininguna tölum um hlutfall annarra samgöngumáta en vélknúinna, þ.e. göngu og hjólréiða.

Bent er á að jafn umfangsmikil greining og hér um ræðir kallar á umfangsmiklar og mannaflafrekar umferðatalningar í viðbót við fastar umferðartalningar. En engu að síður ætti að gera slíkar kannanir helst árlega eða að minnsta kosti annað hvert ár.